Samræmt umsóknareyðublað

# Umsókn um Schengen-vegabréfsáritun

Umsóknareyðublaðið er án endurgjalds

Mynd

Aðstandendur ríkisborgara landa í Evrópusambandinu, á Evrópska efnahagssvæðinu,Sviss eða breskra ríkisborgara sem njóta réttar samkvæmt úrsagnarsamningi skulu ekki fylla út reiti nr. 21, 22, 30, 31 og 32 (merkt með * stjörnu). Fyllið út reiti nr. 1–3 í samræmi við upplýsingar sem fram koma í ferðaskilríkjum.

| | |
|---|---|
| 1. Kenninafn: | **EINUNGIS TIL OPINBERRA NOTA** |
| 2. Kenninafn við fæðingu (fyrra kenninafn/-nöfn): | Dagsetning umsóknar: |
| 3. Eiginnafn/-nöfn: | Númer umsóknar um vegabréfsáritun |
| 4. Fæðingardagur og -ár (dagur-mánuður-ár): | Umsókn lögð fram: |
| 5. Fæðingarstaður: | ☐ hjá sendiráði / ræðisskrifstofu<br>☐ hjá þjónustuaðila<br>☐ hjá fyrirtæki sem starfar sem milliliður |
| 6. Fæðingarland: | ☐ á landamærum (Heiti):<br>----------------------<br>---------------------- |
| 7. Núverandi ríkisfang:<br><br>Fyrra ríkisfang við fæðingu (ef annað):<br><br>Önnur ríkisföng: | ☐ annars staðar<br><br>Meðferð umsóknar annaðist: |
| 8. Kyn: ☐ Karl ☐ Kona ☐ Annað | |
| 9. Hjúskaparstaða: ☐ Einhleyp/-ur ☐ Gift/-ur ☐ Í skráðri sambúð ☐ Skilin/-n að borði og sæng ☐ Fráskilin/-n ☐ Ekkja/ekkill ☐ Önnur (tilgreinið) | Fylgiskjöl<br>☐ Ferðaskilríki<br>☐ Skjöl sem sýna fram á framfærslufé<br>☐ Boðsbréf<br>☐ Ferðasjúkratrygging<br>☐ Skjöl sem sýna fram á ferðamáta<br>☐ Annað: |
| 10. Forráðamaður (ef um er að ræða ólögráða börn)/lögráðamaður (kenninafn, eiginnafn, heimilisfang (ef annað en umsækjanda), símanúmer, tölvupóstfang og ríkisfang): | Ákvörðun um vegabréfsáritun:<br>☐ Synjað<br>☐ Gefin út<br>☐ A<br>☐ C<br>☐ Vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði |
| 11. Innlent kenninúmer, þar sem við á | ☐ Gildir:<br><br>Frá: |
| 12. Tegund ferðaskilríkja: ☐ Almennt vegabréf ☐ Diplómatískt vegabréf ☐ Þjónustuvegabréf ☐ Embættisvegabréf (e. Official passport) ☐ Sérstakt vegabréft ☐ Önnur ferðaskilríki (tilgreinið): | Til:<br><br>Fjöldi koma:<br>☐ 1 ☐ 2 ☐ Margar |
| 13. Númer ferðaskilríkja: | Dagafjöldi: |
| 14. Útgáfudagur: | |
| 15. Gilda til: | |
| 16. Gefin út af (land): | |

17. Persónuupplýsingar aðstandanda sem er ríkisborgarari lands í Evrópusambandinu, á Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða breskur ríkisborgari er nýtur réttar samkvæmt úrsagnarsamningi, ef við á

| | |
|---|---|
| Kenninafn: | Eiginnafn/-nöfn: |
| Fæðingardagur og -ár (dagur-mánuður-ár): | Ríkisfang: |
| Númer ferðaskilríkja eða nafnskírteinis: | |

18. Fjölskyldutengsl við ríkisborgara lands í Evrópusambandinu, á Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða bresks ríkisborgara er nýtur réttar samkvæmt úrsagnarsamningi

☐ Maki
☐ Barn
☐ Barnabarn
☐ Eldri ættingi á framfæri hlutaðeigandi
☐ Í skráðri sambúð
☐ Önnur

| | |
|---|---|
| 19. Heimilisfang og tölvupóstfang umsækjanda | Símanúmer: |

20. Er viðkomandi búsettur í öðru landi en því þar sem hann hefur ríkisfang?

☐ Nei
☐ Já. Dvalarleyfi eða jafngildi þess ………………………………………………......... Nr. ………………………………………

Gildir til:…………………………………………

*21. Núverandi starf:

*22. Vinnuveitandi, heimilisfang vinnuveitanda og símanúmer. Ef um námsmenn er að ræða, heiti og heimilisfang menntastofnunar:

23. Tilgangur ferðar:
(tilgreina má fleiri en einn)

☐ Skoðunarferð
☐ Viðskiptaferð
☐ Heimsókn til ættingja eða vina
☐ Menningarferð
☐ Íþróttaferð
☐ Opinber heimsókn
☐ Læknisfræðilegar ástæður
☐ Nám
☐ Gegnumferð um flughöfn
☐ Annar (tilgreinið)

24. Viðbótarupplýsingar um tilgang dvalar:

25. Aðildarríkið sem aðalákvörðunarstaður (og önnur aðildarríki sem eru ákvörðunarstaður, ef við á):

26. Aðildarríki sem fyrst er komið til:

27. Sótt er um vegabréfsáritun fyrir:

☐ Eina komu ☐ Tvær komur ☐ Margar komur

| | |
|---|---|
| Fyrirhugaður komudagur til fyrstu fyrirhuguðu dvalar á Schengen-svæðinu: | Fyrirhugaður brottfarardagur frá Schengen-svæðinu eftir fyrstu fyrirhuguðu dvöl: |

28. Hafa fingraför verið tekin áður vegna umsóknar um Schengen-vegabréfsáritun?

☐ Nei
☐ Já Dagsetning, ef vitað er…………………………......... Númer vegabréfsáritunarmiða, ef vitað er……………………….........................................

29. Komuleyfi til lands sem er lokaákvörðunarstaður, þar sem við á:

Gefið út af ……………...............................................................................……… Gildir frá ………………………………… til …………………………………

*30. Kenninafn og eiginnafn gestgjafa, eins eða fleiri, Ef það á ekki við, heiti hótels (eins eða fleiri) eða tímabundinnar gistiaðstöðu (einnar eða fleiri) í aðildarríki eða ríkjum:

| Heimilisfang og tölvupóstur gestgjafa/hótels eða hótela/tímabundinnar gistiaðstöðu (einnar eða fleiri): | Símanúmer |
| --- | --- |
| | |

*31. Heiti og póstfang gestgjafa sem er félag/stofnun:

Kenninafn, eiginnafn, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang tengiliðar hjá félaginu/stofnuninni:

Símanúmer félags/stofnunar:

*32. Ferðakostnaður og kostnaður við framfærslu umsækjanda meðan á dvöl hans stendur er greiddur af:

| | |
| --- | --- |
| ☐ umsækjanda<br><br>Framfærslumáti:<br>☐ Reiðufé<br>☐ Ferðaávísanir<br>☐ Kreditkort<br>☐ Fyrirframgreidd gisting<br>☐ Fyrirframgreiddar ferðir<br>☐ Annar (tilgreinið): | ☐ ábyrgðaraðila (gestgjafa, félagi, stofnun), tilgreinið:<br><br>……..................................................................................... ☐ sem um getur í reit nr. 30 eða 31<br><br>……..................................................................................... ☐ öðrum (tilgreinið):<br>Framfærslumáti:<br>☐ Reiðufé<br>☐ Gisting látin í té<br>☐ Allur kostnaður við dvöl greiddur<br>☐ Fyrirframgreiddar ferðir<br>☐ Annar (tilgreinið): |

33. Kenninafn og eiginnafn þess sem fyllir út umsóknareyðublaðið, ef annar en umsækjandi:

Heimilisfang og póstfang þess sem fyllir út umsóknareyðublaðið:

Símanúmer:

Mér er kunnugt um að gjald fyrir vegabréfsáritun fæst ekki endurgreitt ef umsókninni er synjað.

Eftirfarandi gildir eingöngu ef sótt er um vegabréfsáritun fyrir margar komur:
Mér er kunnugt um nauðsyn þess að hafa fullnægjandi ferðasjúkratryggingu fyrir fyrstu dvöl mína og allar síðari heimsóknir til yfirráðasvæðis aðildarríkjanna.

Mér er kunnugt um og samþykki eftirfarandi: Söfnun upplýsinganna, sem beðið er um á þessu umsóknareyðublaði, svo og myndataka og, ef við á, taka fingrafara, er skylda vegna meðferðar umsóknar og hvers konar persónuupplýsingar um mig sem fram koma á umsóknareyðublaðinu, sem og fingraför og ljósmynd af mér, verða afhent hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna til meðferðar í því skyni að taka ákvörðun um umsókn mína.

Þessar upplýsingar, sem og upplýsingar um ákvörðun sem tekin verður um umsókn mína eða ákvörðun um hvort eigi að ógilda, afturkalla eða framlengja útgefna vegabréfsáritun, verða færðar inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og geymdar þar í fimm ár að hámarki og verða á því tímabili aðgengilegar yfirvöldum sem gefa út vegabréfsáritanir og lögbærum yfirvöldum til að annast eftirlit með vegabréfsáritunum á ytri landamærum og í aðildarríkjunum, innflytjendayfirvöldum og yfirvöldum hælismála í aðildarríkjunum, í því skyni að sannreyna hvort skilyrði fyrir löglegri komu til og dvöl og búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna séu uppfyllt, að bera kennsl á einstaklinga, sem fullnægja ekki eða fullnægja ekki lengur þessum skilyrðum, að taka umsóknir um hæli til meðferðar og ákvarða hver beri ábyrgð á slíkri meðferð. Við tilteknar aðstæður munu tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Europol) einnig hafa aðgang að upplýsingunum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði. Yfirvaldið í aðildarríkinu, sem ber ábyrgð á vinnslu gagnanna, er Útlendingastofnun.

Mér er kunnugt um að ég á, í hvaða aðildarríki sem er, rétt á að fá tilkynningu um það hvaða gögn um mig eru skráð í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og um það hvaða aðildarríki sendi gögnin, sem og á að fara fram á að röng gögn um mig séu leiðrétt og að gögnum um mig, sem unnin eru á ólögmætan hátt, sé eytt. Fari ég fram á það, munu yfirvöldin, sem annast meðferð umsóknar minnar, upplýsa mig um það hvernig ég get nýtt mér rétt minn til að skoða persónuupplýsingar um mig og láta leiðrétta þær eða eyða þeim, þ.m.t. um tengd úrræði samkvæmt landslögum hlutaðeigandi aðildarríkis. Innlent eftirlitsyfirvald þess aðildarríkis Persónuvernd, Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík, www.personuvernd.is, tekur kærur varðandi vernd persónuupplýsinga til meðferðar.

Ég lýsi því yfir að allar upplýsingar, sem ég hef látið í té, eru réttar og fullnægjandi samkvæmt minni bestu vitund. Mér er kunnugt um að veiti ég rangar upplýsingar mun það leiða til þess að umsókn minni verður synjað eða útgefin vegabréfsáritun ógild og að slíkt getur leitt til ákæru samkvæmt lögum aðildarríkisins sem annast meðferð umsóknarinnar.

Ég skuldbind mig til að fara frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna áður en vegabréfsáritunin rennur út, verði hún veitt. Mér hefur verið tilkynnt um að vegabréfsáritun sé einungis ein af forsendunum fyrir komu inn á evrópskt yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Þó að mér hafi verið veitt vegabréfsáritun þýðir það ekki að ég eigi rétt á bótum uppfylli ég ekki viðeigandi ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðar. (ESB) nr. 2016/399 (Schengen-landamærareglurnar) og er synjað um komu af þeim sökum. Forsendur fyrir komu verða kannaðar að nýju við komu til evrópska yfirráðasvæðis aðildarríkjanna.

| Staður og dagsetning: | Undirritun:<br><br>(forráðamanns/lögráðamanns ef um er að ræða barn undir lögaldri): |
| --- | --- |